



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Tillaga um breytt rekstrarleyfi LFA ehf. vegna opunar leikskóla á Bakka

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 24. apríl 2023, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki breytt rekstrarleyfi LFA ehf. vegna sameinaða leikskólans Fossakots/Korpukots, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík, 24. apríl 2023

SFS23030160

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Tillaga um breytt rekstrarleyfi LFA ehf. vegna sameinaða leikskólans Fossakots/ Korpukots

Þann 22. mars 2023, barst umsókn, dags. 21. mars 2023, frá LFA ehf, kt. 590104-2720, um breytingu á núgildandi rekstrarleyfi með þeim hætti að bætt verði við húsnæðinu að Bakkastöðum 77 við núverandi húsnæði leikskólans að Fossaleyni 4 og 12 í Reykjavík. Þannig verði leikskólinn Bakki sameinaður Fossakoti og Korpukoti. Fram kom í umsókninni að núverandi rekstrarleyfi væri fyrir 100 börn í Korpukoti og 80 börn í Fossakoti en við myndu bætast 58 börn á Bakka. Þannig væri í heild heimilað að hafa 238 börn í leikskólanum.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. apríl 2023, að rekstrarleyfi LFA ehf verði breytt með þeim hætti að við bætist nýtt húsnæði leikskólans að Bakkastöðum 77 þar sem heimilt verði að vera með allt að 58 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða. Hámarksfjöldi barna sem heimilt er að vera með í húsnæði leikskólans að Fossaleyni 4 og Fossaleyni 12 helst óbreyttur frá fyrra rekstrarleyfi eða 80 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 17 börn á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Fossaleyni 4, Reykjavík og 100 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Fossaleyni 12. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 1. maí 2023 og á sama tíma falli úr gildi eldra rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. 1. nóvember 2022. Gerður er fyrirvari um að úttekt heilbrigðiseftirlits og vinnueftirlits fáiast.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Hjálagt:

- Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 24. apríl 2023
- Drög að nýju rekstrarleyfi
- Bréf LFA ehf., dags. 27. mars 2023
- Rekstrarleyfi fyrir sameinaða leikskólann Fossakot og Korpukot, dags. 1. nóvember 2022
- Yfirlýsing foreldrafélags, dags. 26. mars 2023
- Reglur um Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna umsóknar LFA ehf. um breytt rekstrarleyfi vegna sameinaða leikskólans Fossakots/ Korpukots

Þann 22. mars 2022 barst umsókn, dags. 21. mars 2023, frá LFA ehf, kt. 590104-2720, um breytingu á núgildandi rekstrarleyfi með þeim hætti að bætt verði við húsnæðinu að Bakkastöðum 77 við núverandi húsnæði leikskólans að Fossaleyni 4 og 12 í Reykjavík. Þannig verði leikskólinn Bakki/Bakkakot sameinaður Fossakoti og Korpukoti. Fram kom í umsókninni að núverandi rekstrarleyfi væri fyrir 100 börn í Korpukoti og 80 börn í Fossakoti en við myndi bætast 58 börn í Bakkakoti. Þannig væri í heild heimilað að hafa 238 börn í leikskólanum.

Fram kom að tilgangur sameiningarinnar væri að samræma betur rekstur skólanna með því að nýta betur fagþekkingu, einfalda stjórnkerfi, efla sérkenntu, samræma skólanámskrá og ná þannig fram markvissari kenntu í skólunum. Með þessum hagræðingaraðgerðum teldu stjórnendur LFA að ná mætti fram enn betri menntastofnunum, börnunum til heilla.

Stjórnendur væru sannfærðir um kosti þess að hafa sameiginlega yfirstjórn enda tryggði slíkt nauðsynlega yfirsýn yfir rekstur þessara skóla sem væru staðsettir nálægt hvor öðrum. Jafnframt væri Bakkakot mjög lítil eining, að hámarki 58 börn sem gerði skólann mjög óhagkvæman sem sjálfstæða einingu.

Fram kom í umsókn að reiknað yrði með að í Bakkakoti yrðu 58 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára með vistunartíma að hámarki 42,5 klst. á viku. Reiknað yrði með að börn með lögheimili í Reykjavík hefðu forgang um vistun.

Samkvæmt upplýsingum frá LFA ehf., dags. 19. apríl 2023, er óskað eftir heimild vegna 58 barna á aldrinum 12 mánaða til 6 ára þar af vegna 38 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða.

Áætlun um snemmtæka íhlutun um þjónustu við börn með sérþarfir, skólanámskrá, starfsáætlun og áætlun er varða slys og óhöpp lægju fyrir en yrðu uppfærðar vegna viðbótar Bakkakots og skilað inn á tilsettum skiladögum.

Að sameiningarferlinu loknu myndi núverandi leikskólastjóri Korpukots/Fossakots, einnig verða leikskólastjóri Bakkakots með núverandi aðstoðarleikskólastjórana tvo sér við hlið, allar í 100% starfi. Meðfylgjandi umsókninni voru leyfisbréf /starfsleyfi þeirra. Ekki væri reiknað með einu foreldraráði, heldur að foreldraráð starfi í hverju húsi fyrir sig, a.m.k. til að byrja með.

Umsögn foreldraráðs leikskólanna Fossakots og Korpukots, vegna framangreindrar breytingar á rekstrarleyfi, dags. 26. mars 2023, liggur fyrir. Í umsögninni kemur meðal annars fram að foreldraráð styðji tillögu þess efnis að útvíkka starfsemi leikskólans og þar af leiðandi mæta eftirspurn, sérstaklega með fjölgun ungbarnaplássna.

Fram kom hjá umsækjendum að samkvæmt upplýsingum Vinnueftirlits gæfi það ekki út vottorð nema um væri að ræða nýbyggingu, viðbyggingu eða breytingu á húsnæði, hins vegar kæmi það í heimsókn þegar starfsemi væri komin í fullan gang. Heilbrigðiseftirlitið vildi koma í heimsókn þegar LFA ehf. væri komið með lykla að húsnæðinu en áður en starfsemi er hafin og koma svo í aðra heimsókn þegar starfsemi væri hafin.

Samkvæmt rekstrarleyfi, dags. 1. nóvember 2022, hefur leikskólinn heimild til að reka leikskóla fyrir allt að 80 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 17 börn á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Fossaleyni 4 og í húsnæðinu að Fossaleyni 12 fyrir allt að 100 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða.

Samkvæmt skráningu í Völu þann 28. mars 2023 eru 48 reykvískt barn skráð í vistun í leikskólanum Fossakoti og 72 reykvískt börn í Korpukoti.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að við bætist nýtt húsnæði leikskólans að Bakkastöðum 77 þar sem heimilt verði að vera með allt að 58 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða. Hámarksfjöldi barna sem heimilt er að vera með í húsnæði leikskólans að Fossaleyni 4 og Fossaleyni 12 helst óbreyttur frá fyrra rekstrarleyfi eða 80 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 17 börn á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Fossaleyni 4, Reykjavík og 100 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Fossaleyni 12. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 1. maí 2023 og á sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. 1. nóvember 2022.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilyrði fyrir greiðslu framlags vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag. Þá er gerður fyrirvari um að vottorð vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits fáiast.



Rekstrarleyfi fyrir sameinaða leikskólann Fossakot, Korpukot og Bakkakot.

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með LFA ehf. kt. 590104-2720 leyfi til að reka sameinaða leikskóla Fossakots, Korpukots og Bakkakots.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans Fossaleyni 4, Fossaleyni 12 og Bakkastöðum 77 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu að Fossaleyni 4 fyrir allt að 80 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 17 börn á aldrinum 12 - 18 mánaða, í húsnæðinu Fossaleyni 12 fyrir allt að 100 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða. Til viðbótar er heimilt að reka leikskóla í húsnæðinu að Bakkastöðum 77, Reykjavík, fyrir 58 börn á aldrinum 12 mánaða til sex ára og þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennarar og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Austurmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðipjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í gunnskólum.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2016.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. maí 2023 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 1. nóvember 2022.

Reykjavík, 1. maí 2023

Helgi Grímsson,

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar,
Bt. Helga Grímssonar, sviðstjóra.

Reykjavík 21. mars 2023.

LFA ehf. , kt. 590104-2720, rekstraraðili leikskólans Korpukot / Fossakot, óskar hér með eftir breytingu á núverandi rekstraleyfi með þeim hætti að bætt verði við húsnæðinu að Bakkastöðum 77, þ.e. sameina leikskólanum Bakka ofangreindum skóla. Núverandi rekstrarleyfi er fyrir 180 börn (Korpukot 100 börn og Fossakot 80 börn) við það bætast 58 börn á Bakka, eða alls 238 börn.

Tilgangur sameiningarinnar er að samræma betur rekstur skólanna með það að markmiði að nýta betur fagþekkingu, einfalda stjórnkerfi, efla sérkennslu (TRAS), samræma skólanámsskrá og ná þannig fram markvissari kennslu í skólunum. Með þessum hagræðingaraðgerðum telja stjórnendur LFA að ná megi fram enn betri menntastofnunum, börnunum til heilla.

Stjórnendur eru sannfærðir um kosti þess að hafa sameiginlega yfirstjórn enda tryggir slíkt nauðsynlega yfirsýn yfir rekstur þessara skóla sem eru staðsettir nálægt hvor öðrum. Jafnframt er Bakki mjög lítil eining, að hámarki 58 börn sem gerir skólann mjög óhagkvæman sem sjálfstæða einingu.

Reiknað er með að í Bakka verði börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára fyrir allt að 58 börn með vistunartíma að hámarki 42,5 klst. á viku. Óskað er eftir því að fjöldi barna á aldrinum 12 – 18 mánaða geti verið allt að 58 börn og að börn á aldrinum 18 mánaða – 6 ára geti verið allt að 58 börn. Þó getur heildarfjöldi allra aldurshópa aldrei verið fleiri en 58 börn á hverjum tíma. Reiknað er með að börn með lögheimili í Reykjavík hafi forgang um vistun.

Áætlun um snemmtæka íhlutun um þjónustu við börn með sérþarfir, skólanámsskrá, starfsáætlun og áætlun er varða slys og óhöpp liggja fyrir en verða uppfærðar vegna viðbótar Bakka og skilað inn á tilsettum skiladögum.

Að sameiningarferlinu loknu mun Kristín Björk Viðarsdóttir, sem verið hefur leikskólastjóri Korpukots / Fossakots, einnig verða leikskólastjóri Bakka með Nínu Berglind Sigurgeirsdóttur (Bakki) og Katrínu Maríu Emilsdóttur (Fossakot) sem aðstoðarleikskólastjóra sér við hlið, allar í 100% starfi. Í viðhengi eru leyfisbréf /starfsleyfi þeirra. Ekki er reiknað með einu foreldraráði, heldur að foreldraráð starfi í hverju húsi fyrir sig, a.m.k. til að byrja með.

Fylgigögn í viðhengi: Teikningar að húsnæði Bakka, vottorð frá Heilbrigðiseftirliti, Greinargerð – lýsing á fyrirhugaðri leikskólastarfsemi. Leyfibréf stjórnenda og Umsagnir foreldraráða.

Virðingarfyllst,

Jón Örn Valsson
framkvæmdastjóri LFA ehf.



Rekstrarleyfi fyrir sameinaða leikskólann Fossakot og Korpukot

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með LFA ehf. kt. 590104-2720 leyfi til að reka sameinaða leikskóla Fossakots og Korpukots.

Fyrir liggja teikningar af húsnæði leikskólans Fossaleyni 4 og Fossaleyni 12 í Reykjavík. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu að Fossaleyni 4 fyrir allt að 80 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 17 börn á aldrinum 12 - 18 mánaða og í húsnæðinu Fossaleyni 12 fyrir allt að 100 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 38 börn á aldrinum 12-18 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem uppfyllir skilyrði fyrir ráðningu leikskólastjóra í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennarar og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Austurmiðstöð veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í gunnskólum.


Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2016.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests. Rekstrarleyfi tekur gildi 1. nóvember 2022 og frá sama tíma fellur úr gildi rekstrarleyfi útgefið, dags. 26. ágúst 2015.

Reykjavík, 1. nóvember 2022

sviðsstjóri
skóla- og frístundasviðs

Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Á fundir foreldraráðs 24. mars 2023 voru áform leikskólans Korpukot og Fossakot um fjölgun / stækkun skólans borin undir foreldraráð og óskað eftir umsögn okkar.

Áformað er að taka við leikskólanum Bakka, sem er 58 barna leikskóli í Staðahverfi, sem gerir það að verkum að rekstrarleyfi og samningar breytast þannig að heildarfjöldi barna fer þá úr 180 börnum (Korpukot 100 börn og Fossakot 80 börn) í 238 börn. Reiknað er með að núverandi leikskólastjóri Kristin Björk Viðarsdóttir stýri öllum þrem húsunum með tvo aðstoðarleikskólastjóra sér við hlið.

Foreldrar eru mjög ánægðir með núverandi stjórnnum og rekstur leikskólans. Stjórnendur og starfsfólk taka ávallt á móti foreldrum og börnum með hlýjum og persónulegum samskiptum.

Foreldraráð ber fullt traust til stjórnenda leikskólans þegar kemur að því að útvíkka starfsemi leikskólans og þar að leiðandi mæta eftirspurn, sérstaklega með fjölgun ungbarnaplássna.

Foreldraráð styður tillögu þess efnis.

Reykjavík 26. mars 2023

F.h. foreldraráðs Korpukots,

Rósey Ósk Stefánsdóttir
Rósey Ósk Stefánsdóttir

F.h. foreldraráðs Fossakots,

ÁSDÍS ERNA GUÐMUNDSDÓTTIR
Ásdís Erna Guðmundsdóttir

Aldís Gróa Sigurðardóttir
Aldís Gróa Sigurðardóttir

Helga Dögg Yngvadóttir
Helga Dögg Yngvadóttir

Reglur

Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla.

1. gr.

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar getur veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og / eða reka leikskóla í Reykjavík. Um slíka leikskóla gilda ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir því sem við á.

Umsókn skal fylgja staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins.

2. gr.

Heimilt er að binda leyfi við hámarks fjölda barna. Ákvörðun um fjölda barna skal m.a. byggð á eftirfarandi þáttum:

- Húsnæði og lóð sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskóla skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Lögð er áhersla á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Aldursdreifingu barna og sérþörfum þeirra.
- Lengd dvalartíma.
- Fjölda starfsmanna og samsetningu starfsmannahópsins.

Umsókn þurfa að fylgja upplýsingar um húsnæði sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskólann ásamt málsettum teikningum af húsi og lóð, vottorði Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar. Einnig þurfa að fylgja umsókn upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi leikskólans sérstaklega með hliðsjón af því hvernig aldersdreifingu barna verður háttáð og hversu mörg börn með sérþarfir leikskólinn getur tekið á móti, hvað boðið verður upp á langan dvalartíma og hvernig samsetning starfsmannahópsins verður.

3. gr.

Við leikskóla skal starfa leikskólastjóri sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls

4. gr.

Umsækjandi skal gera grein fyrir því í umsókn sinni hvernig hann hyggst skipuleggja og framkvæma þjónustu við börn með sérþarfir.

5. gr.

Þegar sótt er um leyfi til reksturs leikskóla skal liggja fyrir skólanámskrá væntanlegs leikskóla, sem felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans, markmiðssetningu í starfi og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Áður en leikskólinn tekur til starfa ber að skila til leikskólaráðs starfsáætlun, þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatali og öðru sem varðar starfsemi leikskólans. Starfsáætlun á að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun leikskólaráðs.

Leikskólinn skal leggja fram áætlun um hvernig brugðist skuli við þegar slys og óhöpp verða.

6. gr.

Leikskóla sem fengið hefur rekstrarleyfi er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með sjálfstætt reknum leikskólum. Ber leikskólunum að láta Leikskólasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Samþykkt í leikskólaráði

26. nóvember 2008